

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2019
UST201903-267/R.K.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn – Breikkun Grindavíkurvegjar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 21. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. 10. gr. laga nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að breyta Grindavíkurvegi (nr. 43) á 6,5 km kafla milli vegamóta Reykjanesbrautar og Bláalónsvegjar. Um er að ræða breikkun vegjar, gerð hliðartenginga og göngu- og hjólastígs auk viðbót akreina á kafla leiðarinnar (bls. 8). Breikkun frá miðlínu verður í heild milli 20-50 m og er veghelgunarsvæði þessarar stofnbrautar 30 m í hvora átt frá miðlínu. Heildarrasksvæði framkvæmdarinnar er metið vera um 128.800 m² (13 ha). Efnisþörf framkvæmdar er talin vera alls 41.900 m³ en er það gróf áætlun þar sem endanlega hönnun vegjarins liggur ekki fyrir á þessu stigi. Skulu verktakar við útboð verksins gera grein fyrir því hvar efnistakan mun eiga sér stað og skal það vera í skilgreindum námum (bls. 22).

Í þeirri framkvæmd sem hér er til umfjöllunar í matsskyldufyrirspurn er hluti af heildarframkvæmd sem felur í sér endurbætur á Grindavíkurvegi, alls 13,3 km í því skyni að auka umferðaröryggi, og er sá hluti 6,5 km partur af veginum. Umhverfisstofnun telur rétt að almennt þegar farið er með slíkar tilkynningarskyldar framkvæmdir í matsskyldufyrirspurn sé réttara að öll framkvæmdin sé metin saman en ekki aðeins einn hluti í einu líkt og hér er gert.

Umhverfisáhrif

Fjallað er um umhverfisáhrif framkvæmdar í 5. kafla greinargerðar og af þeim eru metnir umhverfisþættir innan verksviðs Umhverfisstofnunar; landnotkun, landslag og ásýnd, jarðmyndanir, náttúrufjar, vatnsvernd, náttúruminjar, hljóðvist og umferðaröryggi. Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð að: „Áhrif framkvæmdarinnar felast í beinum áhrifum á gróðurlendi, vistgerðir, jarðmyndanir og minjar á því svæði sem fer undir við breikkun vegjarins“ (bls. 26).

Landnotkun landslag og ásjnd

Skv. greinargerð mun áhrifa á landslag og ásjnd aðallega gæta á útivistarsvæðum í nálægð við vegin t.d. af Þorbirni og Seltjörn. Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð um að áhrif á landslag og ásjnd svæðis, með góðum frágangi framkvæmda, eru óveruleg út frá núverandi samgöngumannvirkjum á svæðinu (bls. 27).

Náttúruminjar

Líkt og kemur fram í greinargerð er núverandi Grindavíkurvegur og að hluta fyrirbyggjandi framkvæmdir innan skilgreindra svæða á náttúruminjaskrá nr. 104 og 109 sem nefnast *Sundhnúksröðin og Fagridalur* og *Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og og hluti Hrafnagjá* (bls. 14-16). Seltjörn er í 200 m fjarlægð frá Grindavíkurvegi og Snorrastaðatjarnir í 1,1 km fjarlægð. Áhrif framkvæmdarinnar sem verða á þessi svæði eru að mestu leyti nú þegar komin fram með núverandi vegi að mati Umhverfisstofnunar.

Hljóðvist og öryggi

Í greinargerð segir um göngu- og hjólastíga frá vegamótum við Seltjörn: „*Verður hluti stígsins færður utan öryggissvæðis vegarins en á þeim hluta sem það er ekki mögulegt verður vegrið notað til að aðskilja veg og stíg*“ (bls. 20). Umhverfisstofnun telur ekki fyllilega skýrt hvernig aðskilið verður á milli brautar og göngu- og hjólréiðarstíga fyrir utan vegrið til aðskilningar og ætti að greina betur frá því í matsskýrslu framkvæmdar.

Vakin er athygli á því að þessi kafli 3.1.5 er titlaður „*Göngu-, hjóla- og reiðstígar*“ en hvergi annarsstaðar í greinargerðinni er minnst á reiðstíg og því óljóst hvort eða að hvaða leiti gert sé ráð fyrir slíkum stíg við Grindavíkurveg.

Jarðmyndanir og náttúrufar

Megin umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru að mati Umhverfisstofnunar rask á öröskuðu nútímahrauni (eldhraun) sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2016 og tekur stofnunin undir það sem fram kemur í greinargerð um að þessi áhrif verða talsvert neikvæð (bls. 27). Eru þessi áhrif óháð því hvort um sé að ræða breikkun vegarins í heild sinni eða framkvæmdirnar á þeim vegakafla sem hér er til umfjöllunar. Fram kemur í greinargerð að hraunlendi og aðrar landgerðir ná til rúmlega 99% landsvæðisins og er mosahraunvist algengust (51%) skv. athugun á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (bls. 10). Þá þekja vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi 0,38% svæðisins skv. greinargerð. Fram kemur að nákvæmari upplýsingar um endanlegt umfang rasks hraunsins muni liggja fyrir síðar við frekari hönnun vegar en raskið verður aldrei meira en áhrifasvæði framkvæmdar sem er líkt og áður segir alls 128.800 m².

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufríbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Þar sem um er að ræða svæði í hrauninu sem hefur nú þegar verið raskað með veglagningu Grindavíkurvegar er viðbótarrask sem verður við breikkun talin óveruleg.

Vatnsvernd

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um vatnsvernd í greinargerð (bls. 28-29) og minnir á að framkvæmdaraðila ber að gæta sérstaklega að jarðvegs og grunnvatnsmengun við framkvæmdina þar sem Grindavíkurvegur er innan grann- og fjarverndarsvæðis vatnsverndar (bls. 12).

Mótvægisáðgerðir og frágangur

Fjallað er um frágang á rasksvæði í greinargerð þar sem segir: „*Gengið verður út frá að lágmarka rask á gróðri og jarðvegi og verður reynt að græða upp í allt jarðrask og öll sár, eins og kostur er.*“ (bls. 22). Auk þess verður hugað að því að lágmarka vindálag á lausan jarðveg skv. greinargerð. Umhverfisstofnun mælir með að við uppgræðslu sé fremur nýttur staðargróður heldur en sáning gróðurs sem ekki er fyrir á svæðinu. Slík uppgræðsla getur haft talsvert neikvæð áhrif á ásýnd og landslag svæðisins. Er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem: „*Umhverfis veginn eru opin svæði sem eru að mestu leyti ósnotin*“ (bls. 9) auk svæða sem nýtt eru til útivistar. Hægt er að græða upp mosaþembu og annan lággróður með ýmsum aðferðum t.a.m. með að varðveislu svarðlags til að græða svæðin upp aftur eða aðferðum mosauppgræðslu sem beitt var á Hellisheiði vegna vegaf framkvæmda sem gáfu góða raun. Stofnunin telur mikilvægt að eftirfylgni með frágangi og uppgræðslu svæðanna sé tryggt í vöktunaráætlun framkvæmdar og ber leyfisveitendum og framkvæmdaraðilum (Vegagerðinni) að sjá til þess.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á jarðmyndunum (eldhrauni) með verndargildi er góður frágangur rasksvæða forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.

Leyfisveitandi framkvæmdar er Grindavíkurbær sem veitir framkvæmdarleyfi og Heilbrigðisnefnd Suðurnesja sem veitir starfsleyfi. Umhverfisstofnun bendir á að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir raski. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur viðbót göngu- og hjólastíga auka aðgengi almennings að svæðinu og möguleikum til að ferðast þar um á umhverfisvænni máta sem er vel.

Umhverfisstofnun telur að almennt eigi að fjalla um alla framkvæmdina sem ráðgert er að ráðast í við matsskyldufyrirspurn hennar. Með því móti er unnt að taka tillit til heildar umhverfisáhrifa framkvæmda við mat á hvort framkvæmd sé háð umhverfismati eður ei. Auk þess eru helstu umhverfisáhrif að mestu leyti þegar komin fram með núverandi vegi

Með vísan í framangreint, m.t.t. umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, er það mat Umhverfisstofnunar að umrædd framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif út frá núverandi ástandi svæðisins og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Rakei Kristjansdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
Sérfræðingur